Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

566. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 16. október 2023
og hófst hann kl. 12:15.

Fundinn sátu:
Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. **Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009**

Fyrirliggjandi er fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, fyrir árið 2024 auk gjaldskrár fyrir komandi ár, sem hafa verið samþykktar af hálfu Samstarfsnefnar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sbr. fyrirliggjandi fundargerð nefndarinnar dags. 13. október 2023 og eru þær lagðar fram til staðfestingar eigendavettvangs skíðasvæðanna. Þá er fyrirliggjandi erindi vegna tillagna nefndarinnar að tilfærslum á tímalínu framkvæmdaáætlunar vegna endurnýjunar og uppbyggingar skíðasvæðanna og frekari greiningar vegna skíðasvæðisins í Skálafelli en þær voru jafnframt samþykktar af hálfu nefndarinnar á fundi hennar föstudaginn 13. október. Fjármálastjóri menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar kynnir gjaldskrá og fjárhagsáætlun Skíðasvæðanna.

Gestir

Þorvaldur Daníelsson formaður Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Anna Karen Arnarsdóttir fjármálastjóri menningar - og íþróttasviðs.

Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar.

Niðurstaða:

Eigendavettvangur skíðasvæðanna staðfestir fjárhagsáætlun og fjárfestingaætlun skíðasvæðanna fyrir sitt leyti og er henni vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.

Þá er fyrirliggjandi svohljóðandi tillaga Samstarfsnefndar skíðasvæðanna til eigendavettvangs um frekari greiningu varðandi uppbyggingu í Skálafelli samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvaæðanna:

"Samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins leggur til við stjórn SSH að farið verði í þá vinnu að uppfæra nánar þarfagreiningu og kostnaðaráætlanir vegna þeirrar uppbyggingar sem áætluð er á skíðasvæðinu í Skálafelli ásamt því

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

að greina og fjalla frekar um þá þætti sem geta haft áhrif á fyrrgreinda uppbyggingu. Á þeim tíma sem sú vinna stendur yfir verði öllum frekari framkvæmdum í Skálafelli sem fyrirhugaðar voru samkvæmt samstarfssamningi sveitarfélaganna frestað um tvö til þrjú ár. Vinna við ofangreint fari fram á árinu 2024 á vettvangi verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum og niðurstöður kynntar samstarfsnefnd skíðasvæðanna og í framhaldinu stjórn SSH. Að lokinni umræðum og ákvörðun verði samningurinn á milli sveitarfélaganna um Skálafell uppfærður. Að teknu tilliti til framangreinds er fjárfesting ársins 2024 áætluð 250 millj kr."

Eigendavettvangur fellst á framangreint og beinir því til verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum að hefja undirbúning vinnu vegna framangreinds.

Eigendavettvangur leggur þá áherslu á að leitað verði leiða innan reksturs skíðasvæðanna til tilfallandi opnunar í Skálafelli þegar þess gefst kostur.

2. Umsagnir þingmála - 1910005

Á 565. fundi var framkvæmdastjóra falið að vinna drög að umsögn SSH við frumvarp til fjárlaga. Umsögn var send stjórn til athugasemda með tölvupóstum og að því loknu send nefndasviði Alþingis hinn 12. október sl. og liggur nú fyrir til staðfestingar.

Þá liggur fyrir til staðfestingar umsögn SSH um frumvarp til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu en hún var send nefndasviði Alþingis 5. október sl. Um er að ræða efnislega samhljóða umsögn og send var þegar sama frumvarp var lagt fram á síðasta löggjafarþingi.

Niðurstaða:

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026